

Á fundinn eru mætt: Kristín Guðlaug Magnúsdóttir aðstoðarskólalastjóri og fundarstjóri, hluti núverandi stjórnar (Anna Rut Tryggvadóttir, Birna Eik Benediktsdóttir, Halla Marinósdóttir, Heiðrún Erna Hlöðversdóttir og Jódís Ásta Gísladóttir) og 2 gestir.

Ársskýrslan: Anna Rut Tryggvadóttir formaður las skýrsluna yfir, þar var farið yfir það sem stjórnin hafði fyrir á árinu. Skýrslan verður send foreldrum.

Ársreikningur: Þar sem Pétur gjaldkeri var fjarverandi, fór Heiðrún yfir kostnaðarliði og tekjur síðasta árs. Óvenju miklar eignir eru eftir veturinn 2020-2021 sem skrifast m.a. á covid19 og góðar heimtur af félagsgjöldum. Má þar nefna að ekki náðist að deila út tenglastyrkjum til árganga skólans sem hefur annars alltaf verið. Talað um hugmyndir að auknum tenglastyrk fyrir komandi vetur. Ársreikningur samþykktur.

Önnur mál: Talað um hversu vel hefur gengið að nýta tæknina síðastliðinn vetur. Hún hefur verið nýtt í fundi hjá stjórninni, fræðslu fyrir foreldra og viðburði fyrir nemendur skólans á öllum bekkjarstigum.

Aðstoðarskólalastjóri lýsti yfir mikilli ánægju vegna bíódaga sem foreldrafélagið styrkti hjá 10. bekk.

Farið yfir hvernig foreldrafélagið hefur haft aðkomu að tenglum og tenglastarfi.

Hugmynd um að sniðugt sé að stofna netfang fyrir stjórnina.

Farið stuttlega yfir hvað felst í Samborg, forvarnarteymi og skólaráði.

Farið yfir góða samvinnu sem hefur verið á milli skóla og stjórnar.

Lagabreytingar: Breyting á 10. grein laganna. Lagabreyting samþykkt af öllum viðstöddum. Eftirfarandi breyting var samþykkt: Stjórn félagsins skal kjörin á aðalfundi og skipuð að lágmarki 5 en að hámarki 9 manns. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum og skal skipuð formanni, varaformanni, gjaldkera og meðstjórnendum. Standi fjöldi stjórnarmanna á sléttri tölu skal atkvæði formanns vera odda atkvæði, sé kosið um mál í stjórn.

Stjórn næsta veturs: Anna Rut Tryggvadóttir, Pétur Aðalsteinsson, Bryndís Jónsdóttir og Elva Dögg Valsdóttir gáfu ekki kost á sér í stjórn næsta árs.æ

Stjórnarmeðlimir sem halda áfram: Birna Eik Benediktsdóttir, Halla Marinósdóttir, Heiðrún Erna Hlöðversdóttir og Jódís Ásta Gísladóttir.

Ný í stjórn er Lillý Ásrún Birkisdóttir.

Ný stjórn mun funda að viku liðinni þar sem hún mun skipta með sér verkum og leggja línur fyrir veturinn.

Fleira ekki tekið fyrir og formlegum fundi slitið eftir tæplega klukkutíma fundarhöld.